



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2014

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (12. mál)**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu eru meðal annars lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög í tengslum við innleiðingu rafrænnar fyrirtækjaskrár. Auk þess er að finna í frumvarpinu ákvæði er lýtur að heimild skráðra félaga til kaupa á eigin hlutum.

Viðskiptaráð tekur undir markmið frumvarpsins um einföldun á regluverki atvinnulífsins. Frumvarpið er liður í undirbúningi rafrænnar fyrirtækjaskrár, sem Viðskiptaráð telur tímabært að komið verði á laggirnar. Nái frumvarpið fram að ganga verður einstaklingum og lögaðilum gert kleift að útbúa stofngögn vegna stofnunar hlutafélaga og einkahlutafélaga, undirrita þau rafrænt og senda til fyrirtækjaskrár. Slíkt fyrirkomulag myndi auðvelda stofnun félaga til muna. Enn fremur er kveðið á um það í frumvarpinu að ekki þurfi að breyta samþykktum félags ef minniháttar breyting verður á rekstri þess. Sú skylda skapar einungis óþarfa óhagræði fyrir fyrirtæki og telur ráðið því til bóta að leggja hana af. Þá eru aðrar breytingar sem tilgreindar eru í frumvarpinu og einfalda tilkynningar og kröfur um gögn frá fyrirtækjum einnig af hinu góða. Allar ofangreindar breytingar eru að mati Viðskiptaráðs til þess fallnar að auka skilvirkni í stjórnáslunni og minnka skrifræði og þar með umsýslukostnað fyrirtækja.

Þá telur Viðskiptaráð breytingar á ákvæði 2. tl. 3. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög einnig vera til bóta. Í núgildandi lögum er heimild skráðra félaga til kaupa á eigin hlutum takmörkuð við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur var gerður. Ráðið tekur undir ábendingar Kauphallar Íslands um að ákvæðið sé íþyngjandi og erfitt í framkvæmd. Nái frumvarpið fram að ganga verður skráðum félögum ekki heimilt að kaupa eigin hluti á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði, hvort sem er hærra.

Þótt þessi breyting sé óvitrætt til bóta telur Viðskiptaráð að ganga megi enn lengra í að rýmka heimildir skráðra félaga til kaupa á eigin hlutum. Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að tryggja jafnræði hluthafa, en telur að þær breytingar sem gerðar voru á lögum um hlutafélög með lögum nr. 68/2010 hafi verið misráðnar. Það er mat ráðsins að fyrirkomulag laganna fyrir

Þá breytingu hafi tryggt jafnræði hluthafa nægjanlega vel, enda þurfti hluthafafundur að veita félagi tímabundna heimild til kaupa á eigin hlutum undir því fyrirkomulagi. Það fyrirkomulag sem frumvarpið kveður á um kaup skráðra félaga á eigin hlutum er of takmarkandi, þar sem enn væri erfitt fyrir félög á markaði að hafa viðskiptavakt á eigin bréfum fyrir eigin reikning. Ráðið leggur því til að fyrirkomulagið fyrir breytingar með lögum nr. 68/2010 verði tekið upp að nýju.

Vegna umræðu á Alþingi um aðgerðir gegn kennitölflakki í tengslum við umrætt lagafrumvarp telur Viðskiptaráð rétt að áréttu að slíkar aðgerðir þurfi að vera vel ígrundaðar. Kennitölflakk er einungis talið liggja að baki 4-6% gjaldþrota.<sup>1</sup> Aðgerðir gegn kennitölflakki mega því ekki verða til þess að athafnafrelsi og viðskiptamöguleikar þeirra sem stunda eðlilega viðskiptahætti verði takmörkuð. Slíkar aðgerðir kunna að koma niður á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, til að mynda ef lagðar meiri kvaðir á fyrirtæki hérlandis við skil á ársreikningum en tíðkast annars staðar.

Viðskiptaráð tekur undir markmið lagafrumvarps þessa og telur breytingarnar sem það kveður á um vera til bóta. Er það von ráðsins að þetta sé einungis upphafið að umfangsmeiri einföldun á regluverki atvinnulífsins.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.**

Virðingarfyllt,



---

Marta Guðrún Blöndal  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

---

<sup>1</sup> Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2011), „A second chance for entrepreneurs“. Slóð:  
[http://ec.europa.eu/enterprise/policies/sme/business-environment/files/second\\_chance\\_final\\_report\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/enterprise/policies/sme/business-environment/files/second_chance_final_report_en.pdf)